

Tillögur A-listans í bæjarstjórn þriðjudaginn 14. júlí 2009

Tillaga 1

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkir að fresta kaupum á landsvæðum í eigu HS Orku og hefja nú þegar þríhliða viðræður sveitarfélagsins við Grindavíkurbæ og HS Orku þar sem lausn verði fundin á ágreiningi um landakaup.

Tilaga 2

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafnar fyrirbyggjandi hagnýtingarsamningi við HS Orku á grundvelli þess að ljóst þykir að hann brýtur í bága við 8.grein laga á orku- og auðlindasviði þar sem segir að “ Við ákvörðun um það hverjum skuli veittur afnotaréttur skuli gæta jafnræðis.” Bæjarstjórn Reykjanesbæjar telur rétt að eyða allri réttaróvissu áður en lengra er haldið.

Tillaga 3

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkir að fresta öllum áformum um sölu á hlut sínum í HS Orku til Geysis Green Energy og kaupum sveitarfélagsins á hlut Geysis Green Energy í HS Veitum. Bæjarstjórn telur rétt að láta fara fram sjálfstætt mat á virði félaganna hvors um sig til þess að ekki leiki á því nokkur vafi að rétt sé að málum staðið. Að loknu slíku mati verði það kynnt íbúum Reykjanesbæjar sem ákveði í kosningu hvort viðskipti með ofangreinda eignahluti eigi sér stað.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.